

Eftir Björgu Evu Erlendsdóttur

**Viðskiptasjónarmið, valdablokkir, launaleynd og ýmislegt fleira sem almenn-ingur tengir frekar við „groups“ í harðvítugum samkeppnisrekstri, en samtök öryrkja ber nú hæst í umræðunni.**



Samtök fólks með geðraskanir, félagið Geðhjálp, er risi innan bandalagsins. Í því er um þriðjungur félagsmanna í Öryrkjabandalaginu og baráttan um hagsmuni geðfatlaðra í öryrkjahúsunum við Hátún var helsta ástæða þess að Sigursteinn Mátsson bauð sig fram til formennsku, þegar Garðar Sverrisson hætti. Milli þeirra var sátt þá, en nú eru þeir hvor í sinni fylkingunni og rætt um að Geðhjálp og félög sem fylgja þeirri fylkingu að málum ihugi að kjúfa sig út úr bandalaginu.

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, vísar því á bug að félagið hyggi á úrsögn, en neitar því þó ekki að til úrsagnar geti komið ef ekki rætist úr illindunum. „Menn verða að reyna að komast að þolanlegri niðurstöðu áður en slík ákvörðun er tekin. En ef menn ætla til fortíðar með óbreyttu ástandi í búsetumálum er ekki víst að úrsögn verði umflúin,“ segir Sveinn. Hann segir fráleitt að hagsmunafélag standi í rekstri og þurfi að verja óboðlega þjónustu við skjólstaðinga. Þar vísar Sveinn til íbúða öryrkja í Hátúni sem allra harðasta deilan stendur um.

#### Stórpólitísk markmið í hættu

Hagsmunir öryrkja tengjast baráttu launþega, breytingum á almannatryggingakerfinu, heilbrigðiskerfinu og yfirleitt flestu því sem tekist er á um í velferðarþjóðfélagi. Nýtt örorkumat er í vinnslu í nefnd á vegum forsætisráðherra og tveggja milljarða króna framlag rennur til öryrkja, komi þeir sér saman um að taka við þeim. Fyrir nokkrum árum voru átök öryrkja og stjórnvalda fyrir dómstólum, nú standa yfir samningar um stór hagsmunamál. Talsmenn öryrkja eru sammála um að þeir séu allir í hættu.. Ástandið í Öryrkjabandalaginu sé því ekkert minna en skelfilegt fyrir þúsundir Íslendinga.

beva@24stundir.is